

## FUNDARGERÐ FORELDRARÁÐS 02.02.2021

---

Fundarmenn: Sunna Hlín Gunnlaugsdóttir, Ólöf Stefánsdóttir, Hrefna Þórsdóttir, Guðný Anna Þóreyjar Ragnarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Viðgerð á húsnæði: GÁPR upplýsti að viðgerðir á húsnæði væru fyrirhugaðar vegna leka inni á deildinni Dyngju. Ákveðin forvinna hefur þegar farið fram s.s. mælingar á raka og gró en niðurstöður eru ekki komnar og var það verkfræðistofan Mannvit sem framkvæmdi þær að beiðni frá fasteignadeild bæjarins. Á þessari stundu liggur ekki fyrir hvað þarf að gera og hvenær það verður gert.

Breytingar á deildarskipan: Umræður urðu um samsetningu barnahópsins og aldur væntanlegra nemenda í skólanum. Vegna ungs aldurs þeirra sem eru á biðlista er hugsanlegt að endurraða þurfi á deildirnar þar sem 1 og 2 ára börnin verði það mörg næsta skólaár. Yrði þá Perla fyrir þau allra yngstu en aldursblandað á Öskju, Lundi, Esju og Sjónarhóli hugsanlega lokað. Ekkert hefur verið ákveðið og verða foreldrahópurinn upplýstur um leið og málin skýrast.

Matsteymi: GÁPR kynnti leiðbeiningar um innra mat á leikskóla lauslega en þar kemur fram að í leikskólum eigi að vera matsteymi starfrækt. Fulltrúi foreldra þarf að sitja í teyminu og oft er það aðili sem situr í foreldraráði. Fundarmenn munu skoða leiðbeiningarnar frekar og í framhaldinu ákveða hver það verður sem situr í teyminu.

Önnur mál: Eitt og annað rætt s.s. starfsmannastaðan, stytting vinnuvikunnar, fjöldi barna og útreikningar stöðugilda.